



## **212. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 9. júní 2021 kl. 13:00**

Mætt: Guðmundur Björgvin Gylfason (fulltrúi kennara), Guðmunda Ólafsdóttir (varamaður), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Lís Gardarsdóttir (skólameistari), Sigurður Einar Guðjónsson, Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari) og Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir (fulltrúi nemenda).  
Sigríður Anna Guðjónsdóttir boðaði forföll.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir formaður skólanefndar setti fundinn.

### **Dagskrá:**

#### **Fundargerð síðasta skólanefndarfundar undirrituð.**

##### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð 211. fundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

##### **2. Heimasíða FSu – Sigursveinn, aðstoðarskólameistari.**

Aðstoðarskólameistari kynnti heimasíðu skólans og fór yfir helstu upplýsingar sem þar er að finna. Síðan er í stöðugri endurskoðun og sífellt er leitað leiða til að gera helstu upplýsingar um skólastarfið sem aðgengilegastar.

Lagt til að búa til tengingu við félagslífs nemendafélagsins. Verður skoðað betur í haust á vettvangi skólaráðs þegar ný stjórn nemendafélagsins tekur til starfa.

##### **3. Reykir – tilfærsla – staða mála – Olga Lís, skólameistari**

Olga Lís fór yfir stöðuna á tilfærslu garðyrkjunámsins til FSu. Nefndi ályktun bæjarráðs Árborgar á dögnum en gerð var athugasemd við hana af hálfu skólans.

Unnið hefur verið að samningi milli ráðuneytisins, Landbúnaðarháskólans og FSu vegna tilfærslunnar sem snúa helst að húsnæði skólans að Reykjum, nemendum og starfsfólki. Nú er verið að vinna úr athugasemdum LbhÍ og FSu við drögin. Mikilvægt er að hafa næsta vetur til að fara yfir og endurskoða námsbrautir og skipulag námsins.

Nefnt að krafan um kennsluréttindi eigi einnig við um kennara í sérskóla.



Áhyggjur af kostnaði námsins ræddar – mikilvægt að nýta þann mannað sem er til staðar nú þegar í skólanum.

Sveitarfélögin styðja FSu. Ríkið þarf að standa undir kostnaði við húsakostinn. Skiptir sveitarfélögin miklu máli. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu á Reykjum.

#### 4. Önnur mál

a) Skólanefnd ályktar: „Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands lýsir yfir fullu trausti til skólans til að taka við námi í garðyrkju og skyldum greinum á framhaldsskólastigi sem fram fer á Reykjum.“

b) Staða mála frá síðasta fundi rædd:

- vel hefur gengið að fylla nýjan hóp á sjúkraliðabraut sem hefur nám í haust. Um 20 umsóknir hafa borist.

- búið er að framlengja samning vegna heimavistar til vors 2023. Allt bendir til mun betri nýtingar hennar næsta vetur. Lýst yfir ánægju með þessi málalok.

- mikilvægi samtals og samstarfs við atvinnulífið ítrekað. Næsta skref í þeim efnum tengist vafalaust breytingum á reglugerð um starfsnám. Í kjölfarið á því samtali opnast mögulega á fleiri möguleika á samstarfi.

c) Farið yfir stöðu innritunar fyrir haustönn. Allt bendir til þess að nemendur í dagskóla verði ríflega 900 talsins.

d) Framtíðarsýn skólans í húsnæðismálum rædd í ljósi fjölgunar nemenda. Núverandi húsnæði rúmar starfsemina eins og er en farið að þrengja að verknámi í Hamri.

e) Lagt til að tekin verði ljósmynd af skólanefnd á næsta fundi í haust.

#### 5. Skoðunarferð um skólahúsnæði FSu

Næsti fundur er fyrirhugaður seinni hluta september.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundarritari,

Sigursveinn Sigurðsson